

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 758/2011, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

1. gr.

Á eftir 7. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein er verður 8. gr. svohljóðandi:

Skuldajöfnun skattfrádráttar.

Skattfrádráttur skv. 10. gr. laga nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, greiðist út að lokinni álagningu opinberra gjalda.

Skattfrádráttur greiðist rétthafa í einu lagi að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin opinber gjöld til ríkissjóðs í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskattur.
2. Önnur þinggjöld, sbr. þó 3. tölulið.
3. Tryggingagjald.
4. Vanskil launagreiðenda á staðgreiðsluskilum.
5. Virðisaukaskattur.
6. Vörugjöld.
7. Aðflutningsgjöld.
8. Bifreiðagjöld.
9. Kílómetragjald.

Sköttum og gjöldum sem eru til innheimtu hér á landi á grundvelli Norðurlandasamnings um aðstoð í skattamálum, dags. 7. desember 1989, sbr. lög nr. 46/1990 og milliríkjasamnings Evrópuráðsins og OECD um gagnkvæma stjórnsýsluáðstoð í skattamálum, dags. 25. janúar 1988, sbr. lög nr. 74/1996, skal skipað í framangreinda forgangsröð samhliða sambærilegum sköttum og gjöldum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 10. október 2011.

F. h. r.

Maríanna Jónasdóttir.

Ingibjörg Helga Helgadóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.